

Nd.

139. Nefndarálit

[95. mál]

um frv. til vegalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

Frv. til vegalaga var vísað til nefndarinnar þann 6. þ. m. Var sá háttur á hafður, að samgöngumálanefndir beggja þingdeilda unnu saman að athugun þess. Hafa Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri og Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri setið flesta fundi samvinnunefndarinnar og verið henni til mikilvægrar aðstoðar. Enn fremur var þingflokkur Alþýðubandalagsins boðið að taka þátt í störfum nefndarinnar, þar sem flokkurinn á þar ekki fulltrúa. Sat Ragnar Arnalds fundi nefndarinnar um þetta mál fyrir hönd flokks síns og tók þátt í umræðum um málið. Loks tóku samgöngumálaráðherra Ingólfur Jónsson og formenn Framsóknarflokksins og þingflokks Alþýðubandalagsins, þeir Eysteinn Jónsson og Lúðvík Jósefsson, þátt í meðferð málsins.

Í nefndinni ríkti mikill áhugi á að ljúka afgreiðslu frv. í tæka tíð, þannig að það nái lagagildi um áramót og þeim umbótum jafnframt fram komið í samgöngumálum þjóðarinnar, sem eru höfuðtakmark hinna endurskoðuðu vegalaga. Um einstök atriði þess voru skoðanir að sjálfsögðu nokkuð skiptar. En um það höfuðatriði að tryggja aukið fjármagn til vegabóta um land allt og gatnagerðar í kaupstöðum og kaupþúnum varð einskis ágreinings vart. Um þá stefnu frv. að tryggja aukna festu í framkvæmd vegagerða með vönduðum undirbúningi framkvæmdaáætlana til ákveðins tíma ríkti heldur enginn ágreiningur.

Nefndin hefur orðið sammála um að flytja allmargar breytingartillögur við frv. Eru þær prentaðar á sérstöku þingskjali. Nokkur atriði, sem til umræðu og álita komu í nefndinni, vannst ekki tími til að afgreiða fyrir 2. umræðu málsins. Mun samvinnunefndin taka þau til meðferðar fyrir 3. umræðu.

Veigamestu breytingartillögur nefndarinnar eru við 3. kafla frv., sem felur í sér ákvæðin um vegáætlun og er eitt merkasta nýmæli þess.

Nefndin leggur til, að ákvæði þessa kafla verði gerð skýrari og fyllri, m. a. ákvæðið um, hvernig vegáætlun skuli taka gildi. Samkvæmt breytingartillögum hennar skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun. Sama skal gilda um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun vegáætlunar. Telur nefndin eðlilegast, að sá háttur verði á hafður, að í þingsályktunartillögu um vegáætlun eða endurskoðun hennar verði greind ósundurliðuð sú upphæð, sem ætluð er til framkvæmdar henni. Þingnefnd fengi hins vegar til meðferðar hinar sundurliðuðu tillögur vegamálastjóra um einstakar framkvæmdir og fjallaði síðan um þær og gerði tillögu til þingsins. Með þessum hætti væru áhrif Alþingis tryggð á stefnuna í þessum þýðingarmiklu málum og forn hefð jafnframt í heiðri höfð.

Önnur meginbreytingartillaga nefndarinnar er, að vegáætlun skuli gerð til fjögurra ára í stað fimm og endurskoðun hennar skuli fram fara á tveggja ára fresti í stað þriggja, eins og ráð var fyrir gert í frv.

Þá leggur nefndin til, að engir vegir verði næstu 5 ár felldir úr þjóðvegatölu, nema nýr vegur hafi komið í stað gamals. Styttast sýsluvegir samkv. tillögu vegalaganefndar allverulega við þá breytingu.

Nefndin varð einnig sammála um að leggja til, að sú breyting verði gerð á 16. gr. frv., að þar verði skýrt tekið fram, að heimild ráðherra til þess að ákveða að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðizt skuli í framkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, skuli bundin við þau tilvik, að tjón hafi orðið á vegum eða brúm af völdum náttúruhamfara.

Samkvæmt ofansögðu leggur nefndin einróma til, að frv. til vegalaga verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á þingskjali 140.

Alþingi, 13. des. 1963.

Sigurður Bjarnason, Benedikt Gröndal, Sigurvin Einarsson.
form., frsm. fundaskr.

Björn Pálsson. Jónas Pétursson.